

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekknasjóð sjódruknaðra« **137**
 í hinum forna Neshreppi innan Ennis eða núverandi Ólafsvíkur- og Fróðárhrepp- 15. des.
 um, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 15. desember 1914.
 Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Ekknasjóð sjódruknaðra“ í hinum forna Neshreppi innan
 Ennis eða núverandi Ólafsvíkur- og Fróðárhreppum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af, upprunalega, 400 króna gjöf stórkaupmanns
 Hans A. Clausen, en er nú kr. 1201,36, sem er á vöxtum í »Sparisjóði Ólafsvíkur«, þar með talin kr. 190,36 gjöf frá »Framfarafjelagi Neshrepps innan Ennis« í ár.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal ávaxtast þangað til hann er orðinn 2000 kr. — tvö þúsund krónur.

3. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð nefndri upphæð, má árlega verja $\frac{2}{3}$ af árstekjum hans til þess að styrkja bágstaddar ekkjur, börn og mæður sjódruknaðra manna í Ólafsvíkur- og Fróðárhreppum.

4. gr.

$\frac{1}{3}$ partur af árstekjum legst við höfuðstól uns hann er orðinn 5000 kr. — fimm þúsund krónur —, úr því skal árlega leggja 25 krónur af vöxtum við höfuðstól, en öllum öðrum árstekjum má verja til styrkveitinga samkvæmt 3. og 6. gr.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 kr. — tíu þúsund krónur — má verja öllum árstekjum hans til styrkveitinga samkvæmt 3. og 6. gr.

137

6. gr.

15. des. Aldrei má veita neinum minni styrk úr sjóðnum en 30 kr. — þrjátíu krónur — á ári.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Skal sóknarpresturinn í Ólafsvíkurprestakalli vera formaður stjórnarinnar, en hinir tveir skulu vera hreppstjórnarnir í Ólafsvíkur- og Fróðárhreppum.

Stjórnin hefir á hendi umsjón sjóðsins, veitir styrk úr honum og semur árlega reikning hans, er birta skal á prenti að minsta kosti 5. hvert ár.

8. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtaður í sparisjóði Ólafsvíkur; þó má stjórn sjóðsins, ef þörf þykir, gera aðra ráðstöfun hans, sem þó ekki má vera ótryggilegri.

9. gr.

A skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Ólafsvík, 7. febr. 1914.

H. Steinsson.

Guðm. Einarsson,
prestur.